

## **Tillaga til 462. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. október 2020**

Tillaga frá 1123. fundi bæjarráðs, sem fram fór 28. september 2020, um að bæjarstjórn samþykki tilboð í snjómokstur, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

### **4. Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð. - 2019100083**

Lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 22. september 2020 vegna útboðs snjómoksturs í Skutulsfirði og Hnífsdal.

Jafnframt lögð fram til kynningar opnunarskýrsla Ríkiskaupa, dags. 13. ágúst 2020, vegna útboðs á vetrarþjónustu í Skutulsfirði og Hnífsdal, ásamt minnisblaði Axels Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 20. ágúst 2020, um vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal.

Jafnframt lögð fram til kynningar áætlun um tekjur áhaldahúss vegna vetrarþjónustu, frá nóvember 2019, og minnisblað fyrrverandi sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, Brynjars Þórs Jónassonar, dags. 25. október 2019, vegna málsins.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð í snjómokstur, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.*